

Verkmenntaskóli Austurlands
LOKA3VE05
Vorönn 2021
Daniel Ben

Lokaverkefni

ÓREIÐA - *ljóðabók*

Lokaverkefni mitt til stúdentsprófs er ljóðabók skrifuð og uppsett af mér sjálfum. Ljóðin mín eru persónuleg og fjalla að mestu um þær þrautir sem lífið hefur haft upp á að bjóða, inni á milli má þó lesa upplífgandi og skemmtileg ljóð. Nafn bókarinnar kemur til af því að ljóðin fjalla um þá miklu óreiðu sem hefur fylgt mér í gegnum lífið, ljóðin hafa einnig verið samin út um víðan völl og því fannst mér nafnið viðeigandi.

Í janúar 2021 ákvað ég að semja eitt ljóðerindi á dag og hafði ég mjög gaman að, það má segja að það hafi markað upphafið af því að gera ljóðabók sem lokaverkefni, ég vissi að það væri eitthvað sem mér þætti bæði áhugavert og skemmtilegt. Ég hafði nokkur ljóð í farteskinu áður en ég fór að sjóða þau saman í bók en flest eru þó sérstaklega samin fyrir hana.

Brot af ljóðunum hans afa gamla fengu að fljóta með, þar sem hann var og er enn mín helsta fyrirmynd í ljóðagerð, hann var lunkinn við að semja skemmtileg og hnyttin ljóð um allt og ekkert. Oftar en ekki fylgdi ljóðstubbur frá honum með afmælisþökkum eða á öðrum merkisdögum. Ég veit að afa hefði verið ánægður með mig að ríða á vaðið og setja ljóðin mín saman í eina bók og leyfa fólki að njóta góðs af.

Ég vil þakka kennara mínum, Pjétri St. Arasyni fyrir eftirfylgni og umsögn og einnig við ég þakka leiðbeinanda mínum Önnu Steinunni Þengilsdóttur fyrir faglega ráðgjöf og mat á lokaverkefninu.

Dalvík. Apríl 2021. Alexander Daniel Ben Guðlaugsson

